

Nova Klúbburinn birtir uppgjör 3ja ársfjórðungs.

Helstu niðurstöður á þriðja ársfjórðungi:

- Heildartekjur voru 3.166 m.kr. á þriðja ársfjórðungi 2022 samanborið við 3.090 m.kr. á sama tímabili á fyrra ári sem skilar 2,4% heildar tekjuvexti á fjórðungnum milli ára.
- Þjónustutekjur námu samtals 2.353 m.kr. og vaxa um 193 m.kr. sem er 9,0% vöxtur á milli ára. Vörusölutekjur námu samtals 493 m.kr. og dragast saman um 133 m.kr. sem er 21,3% lækkun á milli ára.
- EBITDA nam 1.010 m.kr. samanborið við 946 m.kr. á sama tímabili á fyrra ári og vex um 6,8% á milli ára. EBITDA hlutfallið var 31,9% á fjórðungnum samanborið við 30,6% á fyrra ári.
- Rekstrarhagnaður (EBIT) var 507 m.kr. samanborið við 454 m.kr. á sama tímabili á fyrra ári og vex um 11,5% milli ára.
- Hagnaður tímabilsins var 206 m.kr. og lækkar um 83 milljónir. Lækkunin milli ára skýrist helst af hærri fjármagnsgjöldum sem skýrast m.a. af áhrifum hærri verðbólgu.
- Veltufé frá rekstri á fjórðungnum er 1.010 m.kr. samanborið við 946 m.kr. á sama tímabili á fyrra ári.
- Vaxtaberandi skuldir, leiguskuldbindingar og aðrar skuldir í lok tímabilsins námu samtals 10.943 m.kr. í lok tímabilsins og hafa lækkað um samtals 4.033 m.kr. frá áramótum.
- Hrein fjármagnsgjöld eru 250 m.kr. á tímabilinu og hækka um 157 m.kr. á milli ára. Hækkunin skýrist m.a. af hærri stöðu leiguskuldbindinga frá fyrra ári, hærri vöxtum á markaði m.v. fyrra ár sem og mikilli verðbólgu á tímabilinu.
- Heildarfjárfestingar á fyrstu níu mánuðum ársins 2022 námu 1.331 m.kr.
- Eiginfjárhlutfall félagsins var 39,1% í lok fjórðungsins og eigið fé nam 8.896 m.kr.
- 30 bæjarfélög og sumarbústaðasvæði eru nú tengd 5G með samtals 90 sendum. Áætlað er að 5G sendar verði orðnir 106 í árslok 2022.
- Fyrsta áfanga í uppbyggingu á bylgjulengdarkerfi er nú lokið sem gefur tækifæri á samnýtingu með Ljósleiðaranum og Mílu.

Margrét Tryggvadóttir, skemmtana- & forstjóri:


“Dansinn hjá Nova er taktfastur og stigmagnast alveg eins og við viljum hafa það. Ársfjórðungurinn er samkvæmt væntingum þar sem viðskiptavinum heldur áfram að fjölga og þjónustutekjurnar þar með, innviðaupbygging er á áætlun og markaðsrannsóknir sýna vörumerkið vera að styrkjast. Rekstrarniðurstaðan endurspeglar það með jákvæðum hætti. Neyslumynstur er að breytast á auknum hraða sem sést best á því að alþjóðlegar efnisveitur eru nú ráðandi á sjónvarpsmarkaði hér á landi á sama tíma og við sjáum að 40% markaðarins eru ekki lengur með myndlykil. Þessi þróun skapar mikil tækifæri fyrir Nova þar sem viðskiptavinir okkar kjósa fjarskiptaþjónustu Nova óháð sjónvarpsefni. Viðskiptamódel Nova er því ólíkt og einfaldara öðrum á smásölumarkaði. Það eru miklar breytingar á fjarskiptamarkaði og samkeppnisforskot Nova liggur í því að félagið heldur á allri virðiskeðjunni eftir að hafa fjárfest í sterkum innviðum undanfarin ár. Samhliða innviðafjárfestingum sjáum við jákvæð áhrif á reksturinn koma fram þar sem framlegðarhlutfallið er að hækka. Við í Nova liðinu sjáum þannig mikil vaxtartækifæri í náinni framtíð og við horfum bjartsýn fram á veginn.”

Helstu niðurstöður í rekstri á fyrstu níu mánuðum ársins:

Tekjur

	3F 2022	3F 2021	Breyting	%	9M 2022	9M 2021	Breyting	%
FlakkNet	1.580	1.454	126	8,6%	4.497	4.086	411	10,0%
FastNet	773	706	68	9,6%	2.269	2.042	226	11,1%
Vörusala	493	626	-133	-21,3%	1.576	1.847	-271	-14,7%
Aðrar tekjur	320	305	15	4,9%	945	845	100	11,9%
Heildar rekstrartekjur	3.166	3.090	75	2,4%	9.287	8.821	466	5,3%

Heildartekjur á fyrstu níu mánuðum ársins hækkuðu um 5,3% frá fyrra ári og námu samtals 9.287 m.kr. Þjónustutekjur, sem samanstanda af tekjum frá viðskiptavinum á FlakkNeti og FastNeti, námu samtals 6.765 m.kr. og vaxa um samtals 636 m.kr. sem er 10,4% vöxtur á milli ára. Þessi aukning skýrist fyrst og fremst af góðri fjölgun viðskiptavina bæði í farsíma- og netþjónustu sem og aukningu í reikitekjum af ferðamönnum. Vörusölutekjur á fyrstu níu mánuðum ársins námu samtals 1.576 m.kr. og dragast saman um 271 m.kr. sem er 14,7% lækkun á milli ára, þessi samdráttur kemur í kjölfar mikillar söluaukningar á fyrra ári og aukinnar ferðamennsku Íslendinga erlendis á núverandi ári. Aðrar tekjur nema samtals 945 m.kr. á fyrstu níu mánuðunum og vaxa um 100 m.kr. sem er 11,9% hækkun á milli ára, sú hækkun kemur til vegna vaxtar ýmissa liða svo sem auknum tekjum af samrekstri.



Nánari skýringar um undirliggjandi liði ofangreindra tekjuflokka má finna í viðauka aftast í þessu skjali.

Rekstrarreikningur

	3F 2022	3F 2021	Breyting	%	9m 2022	9m 2021	Breyting	%
Heildar rekstrartekjur	3.166	3.090	75	2,4%	9.287	8.821	466	5,3%
Kostnaðarverð seldra vara	1.561	1.657	-95	-5,7%	4.720	4.795	-75	-1,6%
Laun og launatengd gjöld	377	333	45	13,5%	1.234	1.126	108	9,5%
Annar rekstrarkostnaður	217	155	61	39,3%	675	517	158	30,6%
Heildar rekstrargjöld	2.155	2.144	11	0,5%	6.629	6.438	190	3,0%
EBITDA	1.010	946	64	6,8%	2.658	2.383	276	11,6%
EBITDA%	31,9%	30,6%	1,3%	4,3%	28,6%	27,0%	1,6%	6,0%
Afskriftir	(-504)	(-492)	-12	2,5%	(-1.469)	(-1.468)	(-1)	0,0%
Rekstrarhagnaður	507	454	52	11,5%	1.190	915	275	30,1%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(-250)	(-93)	(-157)	168,0%	(-735)	(-263)	(-472)	179,4%
Hagnaður v. sölu á hlutdeildarfyrt.	0	0	0	0,0%	0	250	(-250)	-100,0%
Tekjuskattur	(-51)	(-72)	21	-29,0%	(-90)	(-129)	39	-30,5%
Hagnaður tímabilins	206	289	-83	-28,8%	365	772	-408	-52,8%

Heildar rekstrargjöld nema samtals 6.629 m.kr. á fyrstu níu mánuðum ársins og hækka um 3,0% á milli ára. Kostnaðarverð seldra vara nemur samtals 4.720 m.kr. og lækkar um 75 m.kr. á milli ára. Sú lækkun skýrist fyrst og fremst af samdrætti í vörusölu sem hefur bein áhrif til lækkunar á vöruinnkaup og er sú lækkun meiri en hækking þjónustukostnaðar á milli ára vegna fjölgunar viðskiptavina. Laun og launatengd gjöld nema samtals 1.234 m.kr. og hækka um 108 m.kr. sem nemur 9,5% og skýrist sú hækking fyrst og fremst af almennum launahækkunum á tímabilinu. Annar rekstrarkostnaður nemur samtals 675 m.kr. og lækkar um 158 m.kr. sem nemur 30,6%. Inni í þeirri hækkingu er gjaldfærður einkisþjónkostnaður upp á 66 m.kr. vegna skráningar félagsins á aðalmarkað Nasdaq í júní. Leiðrétt fyrir þeim einkisþjóni er hækkingin 92 m.kr. sem nemur 17,8%. Sú hækking skýrist af almennum hækkingum á verðlagi sem og nýrra kostnaðarliða vegna skráningar félagsins á aðalmarkað.

EBITDA hækkaði um 11,6% frá fyrra ári og nam samtals 2.658 m.kr. á fyrstu 9 mánuðum ársins. Ef leiðrétt er fyrir ofangreindum einkisþjónkostnaði vegna skráningar félagsins á markað væri 9 mánaða EBITDA vöxturinn 14,3% á milli ára. EBITDA hlutfallið á fyrstu 9 mánuðum ársins 2022 er 28,6% samanborið við 27,0% á fyrstu 9 mánuðum ársins 2021.

Rekstrarhagnaður (EBIT) hækkaði um 30,1% og nam samtals 1.190 m.kr. samanborið við 915 m.kr. á sama tímabili á fyrra ári. Hagnaður á fyrstu níu mánuðum ársins var 365 milljónir og lækkar um 408 milljónir frá sama tímabili á fyrra ári. Sú lækkun skýrist helst af því að á fyrra ári innleysti félagið 250 m.kr. hagnað vegna sölu á AUR app ehf. og á núverandi ári hefur félagið gjaldfært áður nefndan einkisþjónkostnað vegna skráningar á hlutabréfamarkað upp á 66 m.kr., einnig eru fjármagnsgjöldin 472 m.kr. hærri en á síðasta ári m.a. vegna hækkingar á leiguskuldbindingum og mikillar verðbólgu á tímabilinu. Nánari skiptingu á kostnaði milli fjármagnsliða má sjá undir ársfjórðungsfirliti í árshlutareikningnum.

Efnahagur

Fastafjármunir félagsins námu 19.606 m.kr. í lok tímabilsins en voru 19.148 m.kr. um áramót.

Veltufjármunir félagsins námu samtals 3.158 m.kr. í lok tímabilsins en voru 5.154 m.kr. um áramót. Lækkunin skýrist fyrst og fremst af lækkun annarra skammtímakrafna sem lækkuðu um 1.266 m.kr. eftir greiðslu frá mótaðila um miðjan febrúar, en einnig nýtti félagið sterka lausafjárstöðu og greiddi 1.100 m.kr. inn á vaxtaberandi skuldir í lok febrúar.

Eigið fé félagsins nam 8.869 m.kr. í lok tímabilsins en var 5.137 m.kr. um áramót. Í apríl var framkvæmd hlutafjánhækkun að virði 3.500 m.kr. þar sem 3.400 m.kr. voru nýttar til lækkunar á vaxtaberandi skuldum félagsins. Eiginfjárlutfall félagsins var 39,1% í lok tímabilsins í samanburði við 21,1% um áramót.

Langtímaskuldir félagsins námu samtals 10.608 m.kr. í lok tímabilsins en voru 14.460 m.kr. um áramót. Lækkunin skýrist fyrst og fremst af ofangreindum innborgunum inn á vaxtaberandi skuldir að samtals 4.500 m.kr. frá áramótum.

Skammtímaskuldir félagsins námu 3.260 m.kr. í lok tímabilsins en voru 4.706 m.kr. um áramót. Lækkunin skýrist aðallega af lækkun á öðrum skammtímaskuldum upp á 1.266 m.kr. sem voru gerðar upp í febrúar samhliða greiðslu á skammtímakröfu upp á sömu upphæð.

	30.9.2022	31.12.2021
Viðskiptavild	10.049	10.049
Ófnislegar eignir	1.685	1.828
Rekstrarfjármunir	3.751	3.596
Leigueignir	3.640	3.269
Aðrar eignir	3	3
Tekjuskattsinneign	478	404
Fastafjármunir samtals	19.606	19.148
Birgðir	418	389
Viðskiptakröfur	1.099	1.044
Aðrar skammtímakröfur	345	1.541
Handbært fé	1.295	2.179
Veltufjármunir samtals	3.158	5.154
Eignir samtals.....	22.764	24.302
Eigið fé.....	8.896	5.137
Vaxtaberandi langtímaskuldir	2.310	6.738
Tekjuskattsskuldbinding	0	0
Leiguskuldbindingar	5.625	5.223
Aðrar skuldir	2.673	2.499
Langtímaskuldir samtals	10.608	14.460
Næsta árs afb. langtímaskulda	149	347
Viðskiptaskuldir	723	765
Ógreiddir skattar	1.326	1.288
Næsta árs afb. leiguskuldb. og annarra skulda	185	169
Aðrar skammtímaskuldir	877	2.136
Skammtímaskuldir samtals	3.260	4.706
Skuldir samtals.....	13.868	19.165

Sjóðstreymi

	3F 2022	3F 2021	Breyting	%	9m 2022	9m 2021	Breyting	%
Veltufé frá rekstri	1.010	946	64	6,8%	2.658	2.633	25	1,0%
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	(-107)	(-322)	214	-66,6%	(-190)	(-77)	-113	146,9%
Vaxtatekjur (Vaxtagjöld)	(-153)	(-90)	-63	70,6%	(-523)	(-262)	-261	99,5%
Greiddir skattar	(-28)	(-65)	37	-56,9%	(-113)	(-166)	53	-31,8%
Handbært fé frá rekstri	722	469	253	53,8%	1.833	2.129	-295	-13,9%
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	(-245)	(-197)	-48	24,4%	(-1.103)	(-1.011)	-92	9,1%
Fjárfesting í óefnislegum eignum	(-77)	(-61)	-16	26,6%	(-228)	(-185)	-43	23,1%
Fjárfesting í dóttur- eða hlutdeildarfélagi	0	0	0	0,0%	0	(-5)	5	-100,0%
Fjárfestingarhreyfingar	(-321)	(-257)	-64	24,9%	(-1.331)	(-1.201)	-129	10,8%
Hlutfjárhækkun	0	0	0	0,0%	3.395	0	3.395	100,0%
Afborgun leiguskuldbindinga	(-35)	(-29)	-7	23,7%	(-108)	(-86)	-22	25,8%
Afborgun annarra langtímaskuldbindinga	(-10)	0	-10	100,0%	(-29)	0	-29	100,0%
Afborganir langtímalána	(-33)	(-100)	67	-67,1%	(-4.646)	(-300)	-4.346	1448,7%
Fjármögnunarhreyfingar	(-78)	(-129)	51	-39,3%	(-1.389)	(-386)	-1.003	259,7%
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	322	83	239	286,8%	(-886)	541	-1.427	-263,7%
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	3	0	3	100,0%	3	1	2	151,9%
Handbært fé í upphafi tímabilsins	970	655	316	48,2%	2.179	195	1.983	1014,7%
Handbært fé í lok tímabilsins	1.295	738	558	75,6%	1.295	738	558	75,6%

Veltufé frá rekstri nam 2.658 m.kr. á fyrstu níu mánuðum ársins í samanburði við 2.633 m.kr. á sama tímabili á fyrra ári.

Handbært fé frá rekstri er 1.833 m.kr. og lækkar um 295 m.kr. frá sama tímabili á fyrra ári, lækkunin skýrist af 261 m.kr. hærra vaxtagreiðslum á tímabilinu miðað við sama tímabil á fyrra ári sem og breytingum á rekstrartengdum eignum sem eru neikvæðar um 113 m.kr. á fyrri helming þessa árs en voru neikvæðar um 77 m.kr. á sama tímabili á fyrra ári.

Fjárfestingahreyfingar námu 1.331 m.kr. á fyrri helming ársins í samanburði við 1.201 m.kr. á sama tímabili á fyrra ári. Nova heldur áfram að fjárfesta í uppbyggingu innviða. Uppbygging 5G hefur verið hröð á þriðja ársfjórðungi og hafa 11 bæjarfélög bæst við á ársfjórðungnum. Alls eru nú 30 bæjarfélög og sumarbústaðasvæði tengd 5G með samtals 90 sendum. Áætlað er að 5G sendar verði orðnir 106 í árslok 2022. Fyrsta áfanga í uppbyggingu á bylgjulengdarkerfi er nú lokið sem gefur tækifæri á samnýtingu með Ljósleiðaranum og Mílu.

Fjármögnunarhreyfingar eru 1.389 m.kr. á tímabilinu í samanburði við 386 m.kr. á sama tímabili á fyrra ári. Á fyrri helming þessa árs hafa verið greiddar 4.500 m.kr. inn á vaxtaberandi skuldir til viðbótar við samningsbundnar greiðslur, einnig var framkvæmd hlutfjárhækkun í apríl að heildar virði 3.500 m.kr.

Horfur fyrir árið 2022

Spá fyrir árið 2022 er óbreytt og gerir ráð fyrir að tekjur verði á bilinu 12.700 m.kr. til 12.950 m.kr. og EBITDA verði á bilinu 3.350 m.kr. til 3.550 m.kr. Áætlað er að heildar fjárfestingar verði um það bil 12,9% af heildartekjum.

Þjónusta við hluthafa og fjárfesta

Þyngjan mun fjalla um uppgjörið og fara yfir þær spurningar sem brenna á fjárfestum og hluthöfum. Námskeið á vegum Akadémías í úrlestri árs hlutareikninga þar sem m.a. ársreikningur Nova er rýndur verður aðgengilegt öllum hluthöfum.

Á fjárfestavef Nova <https://www.nova.is/baksvids/fjarfestar> geta hluthafar, fjárfestar og talnanörðar nálgast ítarlegri upplýsingar um blómlega businessinn hjá Nova í sögulegu samhengi!

Fjárfestar og hluthafar geta skráð sig í aðdáendaklúbbinn og þannig fengið fréttir beint á netfangið sitt. Hægt er að senda inn spurningar á fjarfestatengsl@nova.is en einnig er hægt að óska eftir fundi.

Fjárhagsdagatal 2022

Uppgjörspartý Nova Klúbbsins í raunheimum verður næst 2. mars og haldið í Lágmúla 9 þar sem uppgjör fyrir árið 2022 er kynnt og farið yfir það helsta á stærsta skemmtistað í heimi! Allir áhugasamir eru velkomnir en einnig er hægt að fylgjast með í streymi á fjárfestasíðu Nova.

Hluthafafundur	2. nóvember 2022
Ársuppgjör 2022	2. mars 2023
Aðalfundur 2023	30. mars 2023

Nova

Nova var stofnað árið 2006 og er nú orðið eitt af stærstu og öflugustu fjarskiptafyrirtækjum landsins. Fyrirtækið á og rekur sína eigin virku innviði vítt og breitt um landið. Í Nova liðinu eru um 150 starfsmenn á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og Selfossi. Nova hefur frá upphafi verið í farabroddi í innleiðingu nýjustu tækni og hefur fjárfest markvisst í uppbyggingu virkra innviða í sinni eigu sem mun tryggja Nova áframhaldandi forystu á fjarskiptamarkaði. Farsíma- og netkerfi Nova nær til 98% landsmanna.

Nánari upplýsingar

Margrét Tryggvadóttir skemmtana- & forstjóri, margret@nova.is, s. 770 1070
Þórhallur Jóhannsson fjármálastjóri, thorhallurj@nova.is, s. 770 1090.

Tekjuflokkar

FlakkNet	Tekjur af þjónustu sem nýtir fjarskiptasenda. Þar með talið tekjur fyrir gagnanotkun gegnum farsíma og netbúnað. Einnig reikitekjur, samtengitekjur og aðrar tengdar tekjur.
FastNet	Tekjur af þjónustu sem nýtir fastanet. Þar með talið tekjur fyrir ljósleiðaratengingar og aðrar gagnatengingar yfir fastanet. Einnig aðgangsgjald, leiga á búnaði og aðrar tengdar tekjur.
Vörusala	Tekjur af sölu á símtækjum, netbúnaði, aukahlutum og öðrum búnaði.
Aðrar tekjur	Tekjur af annari fjarskiptatengdri starfsemi sem fellur ekki undir ofangreinda flokka, svo sem fastlínubjónusta, samrekstur, endursala á þjónustu o.fl.. Auk annarra rekstrartekna.